

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Oddnýju G. Harðardóttur um virðisaukaskattsskylda veltu hótela og gistiheimila.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar voru fjárhæðir virðisaukaskattsskyldrar veltu hótela og gistiheimila á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ) annars vegar og á landsbyggðinni hins vegar á árunum 2013–2016?

Þær fjárhæðir sem um ræðir eru settar fram í eftirfarandi töflu. Upplýsingarnar taka til þeirra fyrirtækja sem skráð eru í rekstri hótela og gistiheimila (með og án veitingaþjónustu) í grunnskrá virðisaukaskatts. Þannig nær þessi samantekt til þeirra fyrirtækja sem skráð eru í atvinnugreinanúmer (ÍSAT-nr.) 55.10.1 og 55.10.2, en ekki til þeirra fyrirtækja sem skráð eru í aðrar atvinnugreinar en reka hótél- og gistiþjónustu meðfram aðalstarfsemi sinni.

Höfuðborgarsvæðið er skilgreint sem Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur. Öll önnur sveitarfélög teljast til landsbyggðar.

Virðisaukaskattsskyld velta hótela og gistiheimila 2013–2016

Fjárhæðir í millj. kr.	Á verðlagi hvers árs			
	2013	2014	2015	2016
Höfuðborgarsvæði	16.134	19.655	25.087	34.418
Landsbyggð	14.614	17.244	24.297	33.193

Skýring: Upplýsingarnar ná til allra aðila sem skráðir eru í atvinnugreinar 55.10.1 (hótél og gistiheimili með veitingaþjónustu) og 55.10.2 (hótél og gistiheimili án veitingaþjónustu). Áætl-uð velta þeirra aðila sem ekki hafa skilað skattframtölum eða VSK-skýrslum er ekki talin með.

Heimild: Ríkisskattstjóri.

Mikilvægt er að hafa í huga að ekki er hægt að aðgreina hvar umrædd velta á sér stað í raun og veru, einungis hvar virðisaukaskattsnúmer er skráð, sem í flestum tilvikum er þar sem höfuðstöðvar fyrirtækisins eru, þótt það geti rekið starfsemi á mörgum stöðum. Fyrir vikið er velta í einhverjum tilvikum ofmetin fyrir svæði þar sem höfuðstöðvar eru staðsettar og vanmetin á svæðum þar sem dótturfyrirtæki eru starfrækt.